


Háskólinn í Reykjavík

Nemendur þurfa að veita staðfest leyfi í Uglu fyrir því að Strætó afli upplýsinga um virkt nám við Háskólann í Reykjavík ætli þeir að nýta afsláttarfargjöld í Strætó.



Hvernig skráið ég mig í KLAPP?

1. Sæktu **Klappið** (KLAPP app) á **Google Play Store** eða á **App Store**.
2. Innskráðu þig með **símanúmeri** og staðfestu með **pin-númeri** sem þú færð sent með sms.
3. Tengdu reikninginn við Mínar síður með skráningu á netfangi og fylgdu leiðbeiningum í tölvupóstinum sem þú gefur upp því til staðfestingar.



Þá ertu búinn að stofna aðgang á **Mínum síðum** og tengjast **Klappinu**.

Hvernig versla ég tímabilskort með nemaafslætti?

Vöruúrval með nemaafslætti: **Mánaðarkort** og **Árskort**

1. Farðu inn á **klappid.is** og skráðu þig inn með **netfangi** og **lykilorði**.
2. Veldu **Mínir miðar** og **Kaupa miða**, ýttu svo á **Tengjast með rafrænum skilríkjum** neðst á síðunni
3. **Auðkenndu þig** með **rafrænum skilríkjum**

Rafræn auðkenning er skilyrði fyrir því að kaupa fargjöld með nemaafslætti.

The screenshot shows a mobile app interface with an orange header. The main heading is "Velja miða (fyrir Klapp)". Below it are two tabs: "Stakir miðar" and "Tímabil". The "Stakir miðar" tab is active. A white card displays "490 kr. Stakt fargjald" and "Fullorðinn" with a selection of "18-66 ára" and a "Breyta" button. Below the card is an orange button labeled "Bæta í körfu". At the bottom, there is a question "Átt þú rétt á afsláttarkjörum?" with subtext "Öryrki, námsmaður eða starfsmaður" and a button "Tengjast með rafrænum skilríkjum".

Þegar þú hefur tengst með rafrænum skilríkjum bætast vöruflokkar við vöruúrvalið sem þú átt rétt á.

Til að versla nemakort velur þú **Tímabil**, þar getur valið á milli árs- eða mánaðarkorts. Þegar þú hefur valið tímabilskort sem hentar þínu ferðamynstri ýtir þú á **Breyta** og velur nemakort.

Ganga frá greiðslu

Farðu í **Körfu** merkið uppi í hægra horninu, og veldu **bæta við greiðslukorti** settu inn kortaupplýsingar og veldu **Ganga frá kaupum**.

Nú ætti nemakortið þitt að vera tilbúið til notkunar í **KLAPPINU!**